

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1981:

	U.S. § pr. lb. cif.
Lausfrystur hörpudiskur	3,10
Blokkfrystur hörpudiskur	2,88
Rauður hörpudiskur	1,69

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um reglur um fyrirframútborgun væntanlegra eftirstöðva barnabóta á árinu 1981.

Fjármálaráðherra hefur ákveðið að þeim gjaldendum sem vænta megi verulegra eftirstöðva barnabóta til útborgunar við álagningu skatta árið 1981 gefist kostur á að sækja um að fá helming þeirra greiddan fyrirfram á fyrri hluta ársins 1981 samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Fyrirframútborgun fer einungis fram til þeirra er hafa fleiri en eitt barn á framfæri sínu og vænta má að eigi meira en 2 000 nýkr. eftir af barnabótum sínum vegna ársins 1980, þegar frá hafa verið dregin opinber gjöld fyrir gjaldárið 1981 er um ræðir í 3. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1978. Framangreint lágmark gildir sameiginlega fyrir hjón, sbr. 63. gr. laga nr. 40/1978, þannig að útborgun til þeirra fer því aðeins fram að vænta megi að samanlagðar barnabætur þeirra beggja nemi a. m. k. 2 000 nýkr. hærri fjárhæð en þau opinberu gjöld beggja hjóna samanlögð sem um er rætt í 3. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1978.
2. Sé helmingur væntanlegra eftirstöðva barnabóta undir 1 000 nýkr. kemur því ekki til útborgunar fyrirfram.
3. Þeir sem óska fyrirframgreiðslu skulu senda umsókn þar að lútandi til skattstjóra í umdæmi sínu.
4. Ef um er að ræða sambýli fólks sem rétt hefur til samsköttunar, skulu skattframtöl beggja sambýlisaðila fylgja umsókn.
4. Umsóknarfrestur er til 25. mars.